

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur nr. 14, haldinn þriðjudaginn 16.10.2013 kl. 17:30 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hannes Hjartarson, Brynja Viðarsdóttir og Hermann Vilmundarson sem ritaði fundargerð

1. Fundargerðir stjórnar á vef.
Stefnt að því að koma fundargerðum á heimasíðu Spretts sem fyrst
2. Nefndakvöld.
Samþykkt að halda nefndarkvöld 25.okt og reyna að halda kostnaði í lágmarki en gera þetta vel. Komin tillaga að boðskorti, sem sent verður út í vikunni.
3. Námskeiðahald.
HH vísaði í bréfaskriftir hans við formann fræðslunefndar. Formanni var falið að kanna það mál frekar jafnframt því að óska eftir betri útlistingu á dagskrá fræðslunefndar. Þá var stjórnin sammála um að rétt væri að nýta reiðhallir félagsins frekar en leigja aðra aðstöðu til reiðkennslu.
4. Bréf frá mótanefnd.
Stefnt að því að boða forsvarsmenn mótanefndar á næsta fund.
5. Bréf varðandi mótahald og heldra fólk.
Samþykkt að vísa þessu til mótanefndar til umsagnar
6. Bréf varðandi tíma í reiðhöll. GH falið að svara þessu bréfi.
7. Stúka og sæti.
Búið er að hanna stúku og er þess beðið að JÁ-verk geri tilboð í byggingu hennar. Umræður urðu um hvort rétt væri að hafa sæti í stað bekkja og vildu stjórnarmenn frekar hafa sæti.
8. Tillaga starfshóps um yfirlag í reiðsal.
Starfshópur um reiðhallargólf hefur skilað niðurstöðu um efnisval í reiðhallargólf. Ákveðið að vísa þeirri tillögu til verktaka, til framkvæmdar.
9. Fjárhagsstaða Spretts.
Fjárhagsstaða kynnt gróflega, allir reikningar í skilum.
10. Rekstrarstyrkir sveitarfélaga.
Upplýst var að félagið fái kr. 6.000.000 í rekstrarstyrk frá Garðabæ fyrir árið 2013. Gerir stjórnin þá sjálfsgöðu kröfu að Kópavogsbær leggi félaginu til sambærilega fjárhæð enda er það ein af forsendum sem lágu til grundvallar stofnun nýr félags og samningi um uppbyggingu á Kjóavöllum.
11. Ráðning starfsmanns/manna.
Stefnt að ráðningu starfsmanns ekki seinna en í byrjun næsta árs. Var ákveðið að leita til Bjarna Ásgeirs Jónssonar varðandi ráðleggingar í sambandi við þá ráðningu þ.m.t. við gerð starfslýsingar.

12. Vegir, reiðvegur.

Stjórnin átelur að enn skuli ekki hafa verið opnuð ný leið upp í Guðmundarlund eins og gert hafi verið ráð fyrir. Telur stjórnin augljósa hættu felast í því að vaxandi umferð þangað fari í gegnum götur í hesthúsahverfinu. Þá telur stjórnin að afar brýnt sé orðið að leggja götu milli Andvarahverfisins og Heimsendasvæðisins m.a. til að jafna aðgengi að íþróttamannvirkjum. Þá var upplýst að skv. upplýsingum frá Arinbirni skipulagsstjóra í Garðabæ að reiðvegur inn í Grunnvötn sé enn á skipulagsstigi.

13. Önnur mál.

Jarðvegur og grjót á opnum svæðum er til trafala þetta þarf að fjarlægja sem fyrst þannig að svæðin nýtist til þeirra nota sem miðað er við á skipulagi. En eru óbyggð hringgerði sem lofað var, skorað er á bæjaryfirvöld að ljúka þessum málum hið fyrsta.

Umræður urðu um erfiðleika við taðlosun í nýja hesthúsahverfinu og er stjórnin sammála um að þar verði að gera bragabót á og núverandi skipulag þar taki ekki mið af raunveruleikanum. Fram kom að hesthúsaeigandafélag þar hafi beitt sér í málinu gagnvart Kópavogsbæ. Af þeim sökum þykir stjórninni rétt að fram komi sú afstaða hennar að hún telji rétt að slíkt félag eigi að koma kröfum/ábendingum sínum gagnvart sveitarfélaginu/stjórnvöldum á framfæri við stjórn hestamannafélagsins sem svo sjái um að koma þeim skilaboðum áfram til viðkomandi. Telur stjórnin að þessi leið sé skilvirkari og komi í veg fyrir misvísandi skilaboð.

Fleira ekki gert fundi slitið kl 20:00